


VELFERÐARSVIÐ

# Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu – reynsla af innleiðingu

7. desember 2012

Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri, Velferðarsvið Reykjavíkur




# Yfirlit

- Reglugerðin vs markmið yfirfærslu og áherslur Velferðarsviðs
- Hvað hefur verið gert varðandi einstök áhersluatriði reglugerðarinnar – þróun og staða?
- Upprifjun á áskorunum og tækifærum
- Næstu skref




## Almennt
# Reglugerðin og markmið yfirfærslu

- Markmið
    1. Samþætt nærþjónusta við íbúa
    2. Bætt þjónusta og auknir möguleikar á að laga hana að þörfum notenda
    3. Eitt stjórnsýslustig
    4. Styrking sveitarstjórnarstigs
    5. Einföldun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga

- Reglugerðin er í samræmi við 1. og 2. lið, styður og styrkir framkvæmd þeirra
- Reglugerðin setur skýrar og umfangsmiklar kvaðir á sveitarstjórnir í upphafi flókins breytingaferlis




# Almennt
# Reglugerðin og helstu áherslur Velferðarsvið Reykjavíkurborgar í yfirfærslu

- Áherslur VEL
  1. Gætt að því að valda sem minnstri röskun í þjónustu.
  2. Kynningar- og samráðsferli við notendur og aðra hagsmunaaðila ítarlegt og reglulega, m.a. í starfshópum og stýrihópi
  3. Verklagsreglur- og verkferlar sviðs endurskoðaðar og þróaðar í samræmi við þarfir nýs hóp notenda og þróun hugmyndafræði
  4. Unnið að stefnumótun og þróunarvinnu í tengslum við mismunandi húsnæðisúrræði sem henta fjölbreyttum þörfum fatlaðs fólks.
  5. Innleiðing notendastýrðar persónulegrar aðstoðar

- Skýr stefnumörkun styður vinnu vegna 3. og 4. liðar og auðveldar eftirlit
- Reglugerðin flækti fyrstu daga yfirfærslu, m.a. v. tímasetningar (liður 1)
- Umfangsmiklar kvaðir byggja upp væntingar notenda í upphafi flókins breytingaferlis
- Samræmi fjármagns og kvaða?

# Hvað hefur verið gert varðandi einstök áhersluatriði reglugerðarinnar?





ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG

# Þróun
# Verklag og verkferli

- Aukin teymisvinna/ný teymi
  - Úthlutunarteymi vegna sértækra búsetu
  - Úthlutunarteymi vegna stuðningsþjónustuúrræða fyrir börn
  - Geðteymi
  - Teymisvinna á þjónustumiðstöðvum
    - Þróun komin mislangt
- Nýjar reglur og matstæki í stuðningsþjónustu
  - Sjá nánar
- Þjónustusamningar, einstaklingaáætlanir, húsaleigusamningar
    - Komið mislangt, ekki alls staðar, styttra komið á einingum sem komu 2011
- Þjónustu/kröfulýsing vegna þjónustu frá þriðja aðila
  - Samningur við Ás- styrktarfélag




# Nánar
# Nýjar stuðningsþjónustureglur og matstæki 1.sept.2012

- Í samræmi við 5. grein reglugerðar
  - Nýtt matstæki
  - Reglur endurskoðaðar með tilliti til þarfa nýs notendahóps
  - Frekari liðveisla og stuðningsfjölskyldum fyrir fötluð börn samþætt annarri þjónustu
  - Þjónustuþróun í sértækum húsnæðisúrræðum
  - Stöðumat samhliða innleiðingu




# Þróun
# Þjónustuþörf – þjónustuveiting – fjármagn

- Viðmið um mat á þjónustuþörf notenda í sértækum húsnæðisúrræðum
  - Úrræði flokkuð eftir umfangi þjónustunnar sem þar er veitt, m.a. með tilliti til SIS mats
    - Fjárhagsrammi í betra samræmi við aðstæður
- Gerð þjónustustefnu og þróun hugmyndafræði í innra starfi á heimilum fatlaðs fólks
  - Grunngildi: valdefling – *virkjum, styðjum, leysum* og *spyrjum, speglum, segjum til (í rýningu)*
- Mat á þörf fyrir ný húsnæðisúrræði
  - Yfirsýn og greining á biðlista

# Staða
# Sértæk húsnæðisúrræði

- 323 rými í sértækri búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk í Reykjavík í 60 úrræðum
  - Húsnæði er í eigu Félagsbústaða, Brynju, Þroskahjálpar, Áss og einkaaðila. Rekstur og þjónusta í höndum Reykjavíkurborgar og Áss
  - Sumt húsnæði illa farið við yfirfærslu
  - Sumt húsnæði með mjög óhagkvæma langtímaleigusamninga
  - Leiga stendur ekki undir kostnaði, þrátt fyrir hækkun
  - Leiga er ekki í samræmi við leigu í félagslegu leiguhúsnæði
  - Leiga er dýrari í nýjum úrræðum (viðmið í reglugerðum)
- Á biðlista eftir húsnæðisúrræði eru 93
- Fyrirsjáanleg brýn húsnæðisþörf vegna fatlaðra barna til viðbótar við núverandi heimili fyrir fötluð börn
- Við yfirfærslu var staða biðlista metin 50




Þróun

# Sértæk húsnæðisúrræði

- 3 herbergjasambýlum hefur verið lokað
- Úthlutanir það sem af er 2012: 11 úthlutanir, 13 hafa fengið flutning í hentugri búsetu
- Samþykkt hefur verið að kaupa 32 íbúðir fyrir sjálfstæða búsetu geðfatlaðra í nánd við kjarna á þremur árum
- Samningur við Ás kveður á um 3 ný rými, áður hafði verið bætt við 1 nýju rými
- Unnið er að gerð áætlunar um uppbyggingu nýrra úrræða í samræmi við biðlista
- Unnið er að útfærslu leigu til betra samræmis við sjálfstæða búsetu í félagslegu leiguhúsnæði
- Verið að gera úttekt á framkvæmd varðandi íbúasjóði




# Staða
# Sértæk húsnæðisúrræði

- Húsnæðisúrræði: þjónusta/rekstur
  - 22-120 milljónir kr. á ári eftir umfangi þjónustuþarfar íbúa
    - Víða er þörf á viðbótum til að mæta ákvæðum reglugerðar og þörfum íbúa
    - Of lítil þjónusta við ákveðna hópa
  - Reykjavík og Seltjarnarnesi eru ætluð 33,6% af biðlistafjármagni – 88 mkr.




# Staða
# Þjónusta við fatlað fólk í sjálfstæðri búsetu

- Heimaþjónusta
  - Unnið að þróun til að betur megi mæta þörfum þeirra sem mesta þjónustu þurfa
  - Sameining heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu
  - 1.358 milljónir eru skv. áætlun 2012 fyrir heimaþjónustu í borginni
- Stuðningsþjónusta
  - Nýjar reglur og matstæki (sjá nánar) byggt á reglugerðinni
  - 478.331 milljónir eru skv. áætlun 2012 fyrir stuðningsþjónustu í borginni
  - Biðlisti
- Notendastýrð persónuleg aðstoð
  - Vinna þarf frekar að útfærslu á tilraunatímabili – ekki lögbundin þjónusta
- Önnur þjónusta: m.a. Ferðaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf
  - Í þróun

Íbúðakjarnar fatlaðs fólks í sjálfstæðri búsetu

  - Þróun þjónustu á staðnum




# „að fólk eigi val“

„Markmiðið með reglugerð þessari er að fatlað fólk fái félagslega þjónustu og sérstakan stuðning til þess að geta búið þannig að sem best henti hverjum og einum. Skal tekið mið af óskum, aðstæðum og þörf fyrir þjónustu. Fylgt skal þeirri meginreglu að fólk eigi val um hvernig það býr“

- Skýr og metnaðarfull markmið
- Höfum tekið mörg mikilvæg skref
- Langt í land í mörgu – sérstaklega varðandi það að fólk eigi val




Upprifjun

# Áskoranir sem við sáum fyrir vegna yfirfærslu

- Að skapa traust
- Ólík menning – faghópar, fagþekking, skipulag, starfsmannaumhverfi, verklag, siðir, venjur
- Stærð – samþætting stórra og flókinna kerfa
- Tími – allt tekur lengri tíma en óskað er
- Væntingar - miklar væntingar
- Þröngur fjárhagsrammi




## Upprifjun

# Tækifæri sem við bjuggumst við

- Einföldun ábyrgðar
  - einn þjónustuaðili, betri yfirsýn
- Endurskoðun á hugmyndafræði
  - ný hugsun, nýjar lausnir
- Breytingar í kerfum
  - endurskoðað og endurmetið
- Nýtt samstarfsfólk
  - ný hugsun / nýjar áherslur / nýjar lausnir
- Samhæfð þjónusta við notendur
  - með samþættingu og bættri nýtingu fjármagns og mannauðs




# Næstu skref

- Áframhaldandi þróun þjónustunnar í takt við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar
- Stefnumótun í þróun þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum til næstu 10 ára (starfsáætlun 2012)
  - Að núverandi þjónustuúrræði mæti þörfum notenda og geti þróast og breyst með þeim
  - Uppbygging nýrra og fjölbreyttra húsnæðissúrræða fyrir fatlað fólk í samræmi við óskir þess og þarfir.
  - Þróun eftirlits, úttekta og innra mats
- Tilraunaverkefni um NPA




# Næstu skref - frh

- Vettvangsteymi fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir
- Starfssemi félagsmiðstöðva taki mið af nýjum þjónustuþörfum
  - Frístundaþjónusta við fatlaða framhaldsskólanema
- Auka þekkingu á notendasamráði. Auka enn frekar þekkingu og skilning þörfum og þjónustu
- Samstarf um ákveðna þætti „á landsvísu“ undir hatti ráðuneytis
  - Svo sem 5. grein, 9.grein reglugerðar




- Með hverju þessara skrefa færumst við nær því að ná markmiðum reglugerðarinnar og vinnum að framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk




# Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar

- Margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt er af ábyrgð, virðingu og fagmennsku.
- Aðgengi að þjónustu verði tryggt í nærumhverfi borgarbúa.
- Jafnræði í þjónustu verði tryggt.
- Víðtækt samráð verði haft við notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk og háskólasamfélagið um þróun þjónustunnar.
- *Borgarbúar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig aðstoðinni við þá er háttað. Unnið verði að þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.*